

LISTASETRIÐ

Drög að stofnun

Stefán Haukur Gylfason

Febrúar 2022

Listasetrið

Allt er hægt, ekkert er ómögulegt.

Hver er ég?

Ég heiti Stefán Haukur og er tónlistarkennari. Árið 2015 útskrifaðist ég með M.Art.Ed frá Listaháskóla Íslands en þar áður lauk ég B.Mus námi í hljóðfærarleik frá sama skóla. Ég hef starfað sem kennari frá árinu 2008, fyrst í tónlistarskóla og síðar í grunnskóla. Einnig hef ég starfað sem stundakennari við Verzlunarskóla Íslands og komið þar að kennslu í Listasögu.

Tónlist gegnir stóru hlutverki í lífi okkar og hefur gert það öldum saman. Sjaldan hefur verið jafn auðvelt og nú að nálgast tónlist og njóta hennar. Tæknin hefur gert okkur það kleift að njóta hennar hvar sem er, hvenær sem er og hefur á sama tíma opnað augu íbúa heimsins fyrir fjölbreytileika tónlistar frá mismunandi menningarheimum. Það er falleg hugsun að fræða börn um mismunandi menningarheima með tónlist og mikilvægt er að aðgengi að tónlist sé eins mikið og mögulegt er. Margar rannsóknir sýna fram á mikilvægi tónlistar. Því til stuðnings vísa ég í meistararitgerð mína frá árinu 2015 þar sem fjallað er um aðgengi grunnskólabarna að tónlist í efri byggðum Kópavogs. Niðurstöðurnar voru sláandi en rannsókn mín sýndi fram á að mikil fjarlægð tónlistarskólanna í sveitarfélaginu við hverfin orsakaði lága þátttöku barna. Hér fjalla ég um verkefni mitt, Listasetrið sem er mér hjartans mál en hugmyndin hefur þróast um nokkurt skeið.

Listasetrið - Hvað er það?

Listasetrið er nýr almennur tónlistarskóli sem mun vinna samkvæmt Aðalnámskrá Tónlistarskóla útgefinni af Menntamálaráðuneytinu, 2001. Þar mun börnum sem hafa áhuga á að stunda tónlistarnám gefast tækifæri til þess í sínu nánasta umhverfi. Langir biðlistar í Tónlistarskóla Garðabæjar eru forsenda þess að skólinn óskar eftir að fá að starfa í sveitarfélaginu. Þó svo að Tónlistarskóli Garðabæjar hafi óskað eftir einu stöðugildi til viðbótar í nýrri fjárhagsáætlun mun það ekki tæma biðlistann inn í skólann, og kemur lítið til móts við þá nemendur sem búa í fjarlægð frá tónlistarskólanum. Í Urriðaholtsskóla er þátttaka nemenda í Tónlistarskóla Garðabæjar dræm og má rekja það til þess að Tónlistarskólinn er ekki í hverfinu og hvergi sjáanlegur. Þar af leiðandi er tilfinningin fyrir starfsemi Tónlistarskóla Garðabæjar lítil. Listasetrið leggur upp með að vera starfandi í Urriðaholti þar

sem mikil uppbygging er í gangi. Þar er lagt upp með sjálfbærni að leiðarljósi og að íbúar hverfisins geti sótt alla sína þjónustu í hverfinu. Með Listasetrinu mun Garðabær verða enn betra bæjarfélag.

Heilbrigð samkeppni er mikilvæg fyrir alla aðila. Í Kópavogi er komin góð reynsla á að reka einkarekinn tónlistarskóla með styrkjum frá sveitarfélaginu. Árið 2001 tók til starfa nýr einkarekinn tónlistarskóli í Kópavogi. Kópavogsbær styrkir skólann um húsnæði og greiðir kennslukostnað. Áður hafði bærinn komið að rekstri tveggja tónlistarskóla; Tónlistarskóla Kópavogs og Skólahljómsveit Kópavogs. Samkeppnin er heilbrigð og framboðið fjölbreytt. Það er því eðlilegt að Listasetrið myndi heilbrigða samkeppni við Tónlistarskóla Garðabæjar. Allt skipulag í kringum Listasetrið mun taka mið af stöðugildum og fjárveitingum sem koma frá sveitarfélaginu.

Námskrá og starfshættir

Forsendur fyrir fjárveitingu frá sveitarfélaginu er að starfa út frá Aðalnámskrá Tónlistarskóla. Skólanámskrá Listasetursins mun taka mið af henni og nýrri menntastefnu Garðabæjar. Listasetrið mun taka þátt í nútímasamfélaginu með fjölbreyttum kennsluháttum og gefst nemendum tækifæri á að kynnast menningu í heimabyggð í gegnum tónlistarnám sitt.

Skólaárið mun haldast að mestu í hendur við skóladagatal grunnskóla bæjarins og einnig þegar kemur að frídögum og vetrarleyfi. Skipulagsdagar grunnskólakennara falla ekki undir þetta. Miðað er við að kennsla haldist í hendur við aðra tónlistarskóla.

Allir þeir sem hafa áhuga og langar til að hefja tónlistarnám geta sótt um í Listasetrinu. Í boði er heilt nám og hálf nám í hljóðfæraleik. Þá sækja nemendur aukagreinar; tónfræði, tónlistarsögu, tónheyrn og samspil þegar aldur og þroski leyfir. Tónfræðigreinar eru kenndar í hóptímum og lögð er áhersla á stafrænt umhverfi t.a.m. með aðstoð snjalltækja. Einnig skiptir heilbriggt hugarfar miklu máli í Listasetrinu og verður hugleiðsla hluti af námi nemenda. Forskóli er á teikniborðinu og er holl viðbót fyrir yngstu nemendur skólans.

Lögð er áhersla á gítar- og píanóleik. Tekur sú stefna mið af aðsókn hjá flestum tónlistarskólum þar sem biðlistar eru langir í þessar greinar. Listasetrið leggur áherslu á áhugasvið nemenda þegar kemur að námi þeirra. Faglærðir kennarar munu stýra náminu á uppbyggilegan hátt með fjölbreyttum verkefnum. Það verður lagt hart að því að ráða menntaða kennara sem þurfa að vera háskólagengnir. Með þessu er tryggt að kennarar

skólans geta gert einstaklingsmiðaðar námskrár út frá skólanámskrá Listasetursins. Þegar fram sækir eykur Listasetrið framboð sitt.

Listasetrið kemur til móts við þarfir nemenda. Yngri nemendur ættu að hafa lokið sinni tómstundaiðkun um kl. 16:30 en þá lokar frístund t.d. í Urriðaholtsskóla. Áhersla er lögð á nærumhverfið og geta nemendur sótt sína tónlistartíma eftir að hefðbundnum skóla líkur og í frístund sinni td. inni í Urriðaholtsskóla. Eldri nemendur geta sótt sína tíma í húsnæði Listasetursins að skóla loknum eða inni í Urriðaholtsskóla. Þetta fer eftir aldri nemenda en þess skal getið að það er hollt og gott fyrir nemendur að mæta inn í húsnæði Listasetursins og sjá starfsemina sem þar fer fram og fá tilfinningu fyrir tónlistarnáminu.

Húsnæði

Eins og fram hefur komið skiptir máli að skólinn verði sýnilegur og sinni sínu nærumhverfi með góðu húsnæði. Menning skólans skiptir máli og gott húsnæði tekur vel á móti nemendum og foreldrum/forráðamönnum þeirra. Í tónlistarskólum myndast ákveðin kúltúr meðal nemenda og kennara. Þar ríkir ákveðin menning sem er sérstök og skiptir máli fyrir upplifun kennara, nemenda og foreldra. Á veggjum eru myndir úr skólastarfi og þekktu tónlistarfólki sem mynda samræður á milli nemenda meðan beðið er eftir tíma.

Húsnæðiskostur getur reynst Listasetrinu þungur baggi. Húsnæðið þarf ekki að vera stórt en kostur er ef þar er að finna opið rými og pláss fyrir þrjár kennslustofur. Þá er hægt að kenna á mörg hljóðfæri á sama tíma. Einnig verður að vera hægt að sinna hóptímum. Starfsmannaaðstaða þarf að vera til staðar en þarf ekki að taka mikið pláss. Húsnæði Listasetursins er nýtt að fullu. Þar er hægt að sækja námskeið utan tónlistarskólans t.a.m. kórstarf, dans-, söng- og leiklist. Þannig getur myndast einhvers konar menningarsetur hverfisins og íbúar þess fá tilfinningu fyrir starfseminni.

Aðstaðan sem skólinn hefur skiptir máli fyrir starfsfólk og nemendur. Starfi Listasetrið í Urriðaholti mun skólinn geta hafið sína kennslu inni í skólanum strax næsta haust sé þar pláss. Þá er hægt að ná samkomulagi um skipti; Aðstaða gegn þjónustu. Þannig getur Listasetrið haldið gítarnámskeið fyrir leik- og grunnskólakennara í sveitarfélaginu. Listasetrið getur líka sett upp tónlistarnámskeið fyrir nemendur í grunnskólanum ef tónmenntakennsla er af skornum skammti. Engu að síður er áhersla lögð á að skólinn hafi sitt eigið húsnæði t.a.m. í nýrri viðbyggingu Urriðaholtsskóla.

Rekstur

Listasetrið verður aldrei hugsað sem hagnaðardrífín stofnun. Þegar farið var af stað með hugmyndina var litið til sambærilegra stofnana. Það kom mjög fljótt í ljós að hér er á ferðinni flókið reikningsdæmi þar sem allir liðir þurfa að ganga upp. Til að hægt sé að standa skil á húsaleigu þarf fjöldi nemenda að vera nægilega mikill svo að skólagjöld nái yfir þann kostnað. Það hefur svo aftur áhrif á stöðugildi kennara en tryggja þarf að kennarar séu til staðar til að sinna öllum nemendum skólans. Að því sögðu er miðar Listasetrið við lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, 1985, 1. kafli; „Að tónlistarskóli hefur a.m.k. einn fastan kennara auk stundakennara“ og; „Hefur a.m.k. 30 nemendur sem stunda nám til viðurkenndrar prófraunar“.

Það er mikilvægt að finna Listasetrinu gott samstarf við aðila sem hafa áhuga á uppeldi og þroska barna. Skólinn hefur sett sig í samband við fagfólk á sviði lista um ráðleggingar er varðar uppbyggingu á náminu og ráðningu á kennurum. Störf verða auglýst opinberlega. Skólastjóri mun sinna kennslu til móts við stjórnunarstöðu og verður einn af kennurum skólans. Allar ábendingar og öll aðstoð varðandi rekstur Listasetursins vel þegin.

Hvers vegna Urriðaholt?

Garðabær hefur stigið fyrsta skrefið í að skipuleggja gott vistvænt nútímasamfélag. Í grein sem birtist á vef *kgp.is* í október 2021 fjallar Sigurður Guðmundsson formaður skipulagsnefndar um að 70% íbúa Garðabæjar, undir 40 ára, búi í Urriðaholti. Þá eru 16% leikskólabarna í bænum sem búa í Urriðaholti. Gera má ráð fyrir að Urriðaholtsskóli muni hýsa að lágmarki 700 grunnskólabörn í framtíðinni. Í spálíkani hjá skólastjóra skólans má sjá að nemendafjöldi mun rísa hratt í skólanum á næstu þremur árum. Það er því tækifæri til að hugsa til framtíðar og staðsetja Listasetrið í Urriðaholti.

Foreldrar sem margir hverjir hafa skuldbundið sig að búa í hverfinu til framtíðar eiga skilið samfélag sem býður upp á góða þjónustu við börnin. Börnin eru framtíðin og þau eiga skilið góðar æskuminningar úr sínum heimahögum. Tómsundaiðkun er mikilvægur hluti af þroska og uppeldi barna en aðgengi að listgreinum gleymist oft í skipulagningu á nýjum hverfum. Listasetrið óskar eftir að fá að taka þátt í uppbyggingu sveitarfélagsins til framtíðar með tilkomu skólans.

Til hvers er ætlast af sveitarfélaginu?

Til að búa skólanum stöðugleika og tryggja starfsemi skólans verður óskað eftir því að Listasetrinu verði veittur fjárstuðningur sem nemur að minnsta kosti fullum launakostnaði kennara og launakostnaði stjórnanda. Einnig er óskað eftir aðstoð við húsnæði. Eins og staðan er í dag verður Listasetrið samlagsfélag eða einkahlutafélag, með fjárstuðningi frá sveitarfélagi. Skólinn mun hafa eigin kennitölu og mun allt fjármagn fara í gegnum reikning skólans. Skólagjöld Listasetursins fara í allan annan kostnað en laun kennara og skólastjóra t.a.m. leigu á húsnæði, tækni- og tækjabúnað, rafmagn, hita og internet. Nemendur Listasetursins munu geta nýtt sér Hvatapeninga Garðabæjar til að koma til móts við skólagjöld. Skráning í skólann fer fram í gegnum „Minn Garðabær”.

Ábyrgðarmaður og stofnandi Listasetursins

Stefán Haukur Gylfason

kt. 080887-2809